



Forsætisnefnd
Ráðhús Reykjavíkur

Tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um betra aðgengi að sálfræðipjónustu í grunnskólum Reykjavíkur

Á fundi velferðarráðs 2. mars 2022 var lögð fram svohljóðandi tillaga fulltrúa í ungmennaráði Árbæjar og Holta um betra aðgengi að sálfræðipjónustu í grunnskólum Reykjavíkur sem vísað var til meðferðar velferðarráðs, sbr. 6. lið fundargerðar borgarstjórnar 8. febrúar 2022, ásamt umsögn velferðarsviðs, dags. 2. mars 2022:

Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela velferðarsviði að bæta aðgengi fyrir unglinga að sálfræðipjónustu í öllum grunnskólum Reykjavíkur. Miðað skal við að aðgengi hafi verið bætt eigi síðar en í janúar 2023.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi breytingartillögu:

Velferðarráð tekur undir mikilvægi þess sem kemur fram í tillögu ungmennaráðs um að bæta þurfi aðgengi að sálfræðipjónustu. Velferðarsviði er falið í samráði við skóla- og frístundasvið að eiga samtál við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins til að tryggja greiðari aðgang grunnskólanemenda að sálfræðipjónustu Heilsugæslunnar, sem hefur það verkefni að sinna sálfræðimeðferð barna til lengri tíma. Meðal annars þarf að skoða hvort og hvernig sálfræðingar Heilsugæslunnar fái afnot af skólahúsnæði til að geta veitt nemendum meðferð líkt og skólahjúkrunarfræðingar hafa haft um langa hríð. Einnig er mikilvægt að efla samstarf skólaþjónustu og Heilsugæslunnar samhliða innleiðingu á verkefninu Betri borg fyrir börn og lögum um farsæld barna sem leggja á auknar skyldur um samstarf allra aðila sem vinna að velferð barna.

Breytingartillagan var samþykkt.

Þann 15. ágúst 2022 var haldinn samráðsfundur Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, velferðarsviðs og skóla- og frístundasvið. Tilfni fundar var ofangreind samþykkt velferðarráðs.

Viðstaddir fundinn voru Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviði, Hákon Sigursteinsson verkefnastjóri *Betri borgar fyrir börn*, Soffía Vagnsdóttir, skrifstofustjóri skóla- og frístundasviði, Guðlaug Unnur Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri geðheilbrigðisþjónustu, Guðríður Haraldsdóttir, verkefnastjóri hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Linda Kristmundsdóttir, forstöðumaður Geðheilsumiðstöðvar barna.

Að mati fulltrúa Heilsugæslunnar er ekki stefnt að því að sálfræðingar heilsugæslunnar, líkt og skólahjúkrunarfræðingar, verði staðsettir innan grunnskóla Reykjavíkurborgar til að tryggja nemendum meðferð. Í dag eru 15 heilsugæslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu, 12 stg. sálfræðinga sinna börnum. Ekki er svigrúm til þess að sálfræðingar heilsugæslunnar vinni á vettvangi skólanna enda grundvallast þjónusta sálfræðinga heilsugæslunnar á öðrum lögum og reglugerðum en skólaþjónusta sveitarfélaga. Upptökusvæði sálfræðinga eru á bilinu 10.000-16.000 íbúar. Áhersla heilsugæslunnar er á að góð brú sé á milli sálfræðipjónustu og skólaheilsugæslu og hafa sálfræðingar sinnt handleiðslu og ráðgjöf við skólahjúkrunarfræðinga

eftir þörfum. Eins er lögð áhersla á brú á milli miðstöðva velferðarsviðs, Barna og unglingsgeðdeildar og Barnaverndar gegnum samráðsteymi/fjölskylduteymi umræddra aðila.

Á fundinum kom fram að í ágúst 2022 voru 650 börn á bið eftir sálfræðipjónustu hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og 900 börn eru á biðlista hjá Geðheilsumiðstöð barna. Innan Geðheilsumiðstöðvar eru í dag verkefni sem áður voru á herðum Þroska og hegðunarmiðstöðvar. Geðheilsumiðstöð barna mun leggja áherslu á 2. stigs þjónustu, meðferð og greiningar og þverfaglega nálgun. Mikilvægt er að Geðheilsumiðstöðin geti verið stoð þegar börn eru að þróa með sér alvarlegan vanda.

Velferðarsvið og Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins hafa átt gott samstarf m.a. í gegnum samráðsteymi/fjölskylduteymi en í því sitja jafnframt fulltrúar Barna- og unglingsgeðdeildar og Barnaverndar.

Ákveðið hefur verið að halda reglulega samráðsfundi lykilstjórnenda Heilsugæslunnar, velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs og verður næsti fundur í nóv. n.k. Mikilvægt er að samstarfið skili sér í markvissri þjónustu til barna og foreldra þeirra.

Þetta tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt



Dís Sigurgeirsdóttir

starfandi sviðsstjóri

Afrit:

Hulda Valdís Valdimarsdóttir, verkefnastjóri, skóla- og frístundasvið